

### Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú? Hekla.
2. Hvað ertu gamall/gömul? Sýnir fyrst tvo putta.. glottir síðan og segir: 9 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni? Mamma mín heitir Þóra, pabbi minn Hlöðver, systir mín Birgitta og bróðir minn heitir Þorsteinn.
4. Hvað finnst þér gott að borða? Hakk og spagettí... og núðlur. Ég elska líka blóm.
  - a. Elskarðu blóm? Mhm. Mamma mín elskar líka blóm.
  - b. En borðar maður nokkuð blóm? Eeneih.. og hlær að þessum ruglaða kennara!☺
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Hjóla.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Skoða grímurnar á safninu... og risaeðlurnar.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera? Indjáni.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn? Gulur og rauður.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna? Mömmu, pabba, systu, Þorstein og mig.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Eins og Birgitta.
  - a. Hvað gerir Birgitta? Hún er bara á sundæfingu.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag? Til indjánans.
  - a. Og hvað ætlaru að gera þar? Vera indjáni í búning.
  - b. Hvað gera indjánar? Þeir skjóta „púffh, púffh!“ og eiga indjánatjald.
12. Af hverju er himinn blár? Ég veit ekki. Hugsar sig um. Mmm, augun láta okkur sjá það.

